



## 151 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 5. febrúar 2020 kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson. Valgarður Jónsson sat fundinn í forföllum Báru Daðadóttur og Davíð Sigurðsson í forföllum Guðveigar L. Eyglóardóttir. Loks sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl. 10:00.

### 1. Fundargerð 150 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 150 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningsamgöngur

Lagt fram yfirlit yfir rekstur almenningsamgangna árið 2019. Þar kom fram að samkvæmt bráðabirgðauppgjöri er afgangur frá rekstri upp á rúmar 12 m.kr. Einnig var lagt fram minnisblað um uppgjör á rekstrinum undanengin ár þar eða Vegagerðin tók verkefnið yfir um síðustu áramót. KPMG mun halda utan um uppgjörsvinnu á rekstri NVB ehf.

### 3. Innviðir á Vesturlandi

Lögð fram drög að samantekt sem SSV vann fyrir forsætisráðuneytið um áhrif óveðursins í desember 2019 á ýmsa innviði á Vesturlandi og hvað úrbætur séu mikilvægar. Mikil umræða varð um stöðuna á Vesturlandi, sérstaklega hvað varðar raforku- og fjarskiptamál og þær brýnu úrbætur sem mikilvægt er að setja í framkvæmd af hálfu Rarik, Landsnets og fjarskiptafyrirtækja.

### 4. Samgönguáætlun 2020-2024

Lögð fram umsögn SSV um samgönguáætlun 2020-2024, en hún hefur verið send umhverfis- og samgöngunefnd. Farið var yfir kynningu á umsögninni sem formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 4 febrúar s.l. Einnig var rætt um snjómokstur á Vesturlandi og mikilvægi þess að ekki verði dregið úr mokstri þrátt fyrir að fjárveitingar hafi ekki tekið mið af þeim aðstæðum sem verið hafa í vetur. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi bókun vegna þessa:

*„Stjórn SSV skorar á Vegagerðina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að tryggja að ekki verði dregið úr snjómokstri og annarri vetrarþjónustu þrátt fyrir að aðstæður í vetur hafi leitt til þess að fjárveitingar til verkefnisins hafi ekki tekið mið af þeirri stöðu sem uppi er. Það væri algerlega óforsvaranlegt að ætla að skerða vetrarþjónustu þar sem greiðar samgöngur eru lífæð landsbyggðarinnar.“*

## 5. Uppbyggingarsjóður

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs, en auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn í nóvember 2019. Alls bárust 142 styrkumsóknir, umsóknir um nýsköpun í atvinnulífi voru 34 og í menningarmálum 108. Nefndin samþykkti að veita styrk alls að upphæð kr. 43.585.000 til 98 umsókna. Úthlutunarhátíð sjóðsins fer fram í félagsheimilinu Fannahlíð í Hvalfjarðarsveit föstudaginn 7. febrúar n.k.

## 6. Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2020. Stjórn vísaði hugmyndunum til umræðu á fundi Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands sem verður síðar sama dag.

## 7. Áfangastaðastofa

Lögð fram bókun sem samþykkt var í stjórn Vesturlandsstofu um stofnun Áfangastaðastofu fyrir Vesturland. Þar er lagt til að skipaður verði vinnuhópur til þess að ræða stofnun Áfangastaðastofu og hvort hún verði sjálfstæð stofnun eða verði hluti af starfsemi SSV. Stjórn SSV samþykkti að skipa þau Guðveigu Eyglóardóttur og Jakob B. Jakobsson í hópinn.

## 8. Launaumsýsla fyrir SSV

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um launaumsýslu hjá SSV og mögulegar breytingar á umsjón með henni. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu og leggja tillögu sína fyrir stjórn SSV.

## 9. Opinber störf á Vesturlandi

Rætt um opinber störf á Vesturlandi með hliðsjón af hagvísi sem Vífill Karlsson hagfræðingur SSV tók saman. Jafnframt rætt um tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni, í tillögu ráðherra eru Vestfirðir, Norðurland og Austurland skilgreind sem landsbyggð en ekki Vesturland og Suðurland. Undir þessum lið voru samþykktar eftirfarandi bókanir.

*„Í nýjum Hagvísi SSV um opinber störf kemur fram að þau eru hlutfallslega færri en á Vesturlandi. Það skiptir mikil máli að opinber þjónusta ríkisins sé með þeim hætti að hægt sé að veita íbúum allra landshluta góða þjónustu og opinberar stofnanir og fyrirtæki í opinberri eigu hafi þann mannauð sem til þarf. Jafnframt er afar mikilvægt að ríkið dreifi starfsemi sinni um landið og treysti með þeim hætti atvinnulíf um allt land. Með því móti er stuðlað að fjölbreyttara atvinnulífi sem og atvinnumöguleikum kvenna og ungs og menntaðs fólks. Stjórn SSV leggur á það þunga áherslu að nú þegar móti stjórnvöld skýra stefnu um staðsetningu opinberra starfa á landsbyggðinni og þar verði sérstaklega horft til svæða þar sem opinberum störfum hefur fækkað undanfarin ár og þau eru hlutfallslega færri en í öðrum landshlutum.“*

## **Stjórn samþykkti að óska eftir fundi með forsætisráðherra til að ræða staðsetningu opinberra starfa á Vesturlandi**

Varðandi tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um flutning opinberra starfa á landsbyggðina bókaði stjórn;

*„Stjórn SSV fagnar frumkvæði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fjölgun starfa á landsbyggðinni frá 2020 fram til 2025 og að hann og forstöðumenn þeirra stofnana sem um er fjallað hafi sett sér mælanleg markmið um fjölgun starfa. Það vekur hins vegar furðu að Vesturlands sé hvergi getið í skýrslunni, það er engu líkara en landshlutinn sé ekki lengur hluti af landsbyggðinni og þar sé ekki þörf á fjölgun opinberra starfa. Í nýjum Hagvísi SSV um opinber störf kemur skýrt fram að þau eru hlutfallslega hvergi færri en á Vesturlandi. Jafnframt vekur það furðu að ekki skuli stefnt að því að efla samstarf Matís við Landbúnaðarháskóla Íslands, einungis tiltekið að efla samstarf við Háskólann á Akureyri og háskólasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni“*

## **Stjórn samþykkti að kalla eftir skýringum á þessu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

Í kjölfar úttektar SSV á áhrifum óveðursins í desember 2019 hefur komið í ljós að sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi hafa áhyggjur af því að starfsfólki í starfsstöðum Rarik á Vesturlandi hafi fækkað og því sé fyrirtækið ekki jafn vel í stakk búið og áður til að bregðast við bilunum sökum óveðurs. Það vekur furðu að 66 af 204 stöðugildum hjá Rarik eru staðsett í Reykjavík og fyrirtækið ekki með neina raforkusölu í höfuðborginni. Þá var einnig rætt um það að af 122 starfsmönnum Landsnets er enginn staðsettur á Vesturlandi.

## **Stjórn SSV samþykkir að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Rarik sem og framkvæmdastjóra Landsnets vegna þessa.**

### **10. Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál

### **11. Ráðstefna um sameiningu sveitarfélaga**

Lögð fram fyrstu drög að dagskrá fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga. Stjórn samþykkti að halda ráðstefnuna fimmtudaginn 12 mars n.k. og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi hennar.

### **12. Framlögð mál**

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra í desember 2019 og janúar 2020

Fundi slitið kl. 12:25